

Tengist ástand loðnustofnsins varpi hjá æðarfugli?

Jón Einar Jónsson, Rannsóknasetur Háskóla Íslands Snæfellsnesi

Könnuð voru tengsl milli fjölda æðarhreiðra, talin af æðarbændum, á talningarsvæðum á Norðurlandi, Vestfjörðum, Breiðafirði og Suðvesturlandi við loðnuráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar 1983-2007. Loðnuveiðar hófust 1963, afli fór stig hækkandi þar til hann tók stóran kipp 1976-1979 og aftur 1983-1989. Æðarhreiðrum fjölgaði um allt land 1980-1990. Fjölgun æðarhreiðra gekk til baka eftir 1990, en loðnuveiði var áfram svipuð fram yfir 2000. Veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir loðnu hófst 1983. Ekkert línulegt samband fannst milli loðnuvísitölunnar og fjölda æðarhreiðra í Breiðafirði, á Vestfjörðum, Suðvesturlandi og Norðurlandi. Hins vegar virðist sem æðarhreiðrum fækki sums staðar eftir 2005, þegar loðnuvísitalan fer lágt í nokkur ár þar á eftir. Æðarkollur sleppa stundum úr árum í varpi og í Breiðafirði virðist hafa gerst árin 1992, 1995, 1999, 2006 og e.t.v. 1980. Þessi ár eiga það sameiginlegt að loðnuvísitalan eða aflinn var mun lægri þá heldur en árið á undan. Komist æðarkollur ekki í loðnu seinni hluta vetrar, þegar söfnun næringarforða fyrir varp er á seinni stigum, getur það aukið líkurnar á að kollurnar séu ekki í góðu líkamlegu ásigkomulagi fyrir varp. Ástand æðarkollna er þó sennilega takmarkað af öðru fæðuframboði (þ.e. botndýrum), þó svo að loðnuna megi ekki vanta síðla vetrar. Útbreiðsla unglóðnu virðist hafa breyst eftir 2000 og gæti það að einhverju leyti hafa komið niður á æðarvörpum á Norðurlandi og Vestfjörðum.